

Síldarvinnslan Helguvík
Stakksbraut 5
230 Keflavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 9. janúar 2014
Tilvísun: UST20131100191/gsá

Áætlun um úrbætur móttækin - frestur veittur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 5. desember 2013 þar sem áformað var að áminna fiskimjölsverksmiðju **Síldarvinnslunnar í Helguvík** vegna tveggja frávika hvað varðar stöðu frárennslisops við hafnarbakka B í Reykjaneshöfn sem er í ósamræmi við grein 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og að fita í frárennslis mælist yfir losunarmörkum sbr. gr. 3.9 í starfsleyfi. Rekstraraðila var gefinn frestur til 20. desember 2013 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.


Þann 13. desember 2013 barst stofnuninni tímasett áætlun um úrbætur frá rekstraraðila. Þar kemur fram að rekstraraðili hefur fengið tímabundna undanþágu frá 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Undanþágan gildir til 31. desember 2014 og er bundin tveimur skilurðum, annars vegar að Síldarvinnslan skuli eigi síðar en 16. desember 2013 senda Umhverfisstofnun tímasetta áætlun um framvindu framkvæmda varðandi frárennslismál hafnarinnar. Það skilyrði hefur verið uppfyllt með verkáætlun frárennslislagnar sem send var stofnuninni þann 13. desember sl. Hitt skilyrðið er að rekstraraðili skal á sex mánaða fresti gefa stofnuninni skýrslu um framgang úrbóta og skal skila fyrstu skýrslu 1. apríl 2014 og er það skilyrði því ekki komið til framkvæmda.

Hvað fitu í frárennslis varðar þá kemur fram í bréfi frá rekstraraðila dagsett þann 19. desember 2013, að búið sé að yfirfara fituskiljubúnaðinn en ekki hafi verið hægt að prufukeyra hann þar sem verksmiðjan er ekki í rekstri en verður það gert þegar loðnuvertíð hefst. Óskar rekstraraðili því eftir fresti til mars 2014, til að skila inn niðurstöðum fitumælinga.

Umhverfisstofnun samþykkir framangreinda verkáætlun frárennslislagnar og mun ekki aðhafast frekar vegna þessa frávíks verði skilyrði undanþágunnar uppfyllt. Stofnunin veitir rekstraraðila frest til 15. mars 2014 til að skila inn nýjum niðurstöðum mælinga úr frárennslis fituskilju.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur